

MARKMIÐSSETNING

Það getur verið hvetjandi fyrir nemendur að setja sér markmið í námi eins og öðru en markmiðssetning getur mögulega aukið ábyrgð nemandans á eigin námi og veitt vinnu hans augljósari tilgang. Með því að setja markmið á blað er búið að gera formlega grein fyrir því í hvaða átt er stefnt og það gefur allri vinnu og þjálfun aukið vægi. Markmiðssetning getur einnig verið gott tækifæri til að virkja foreldra en eftirfylgni, hvatning og stuðningur þeirra er ákaflega mikilvægur.

Gott er að hafa eftirfarandi í huga varðandi markmiðssetningu:

- Markmiðið þarf að fela í sér áskorun fyrir nemandann og vera krefjandi en raunhæft.
- Markmiðið þarf að byggja á stöðumati og vera mælanlegt.
- Gildistími markmiðs þarf að taka mið af eðli þess.
- Endurmat þarf að fara fram til að meta ávinninginn af vinnu sem tengist markmiðssetningu.
- Nemandinn á sjálfur að setja sér markmiðið en getur þurft leiðsögn.
- Meta þarf að hve miklu leyti stuðningur foreldra er nauðsynlegur og kalla þá til ef þörf krefur.
- Nemendur undir viðmiði 1, t.d. í lesfimi, ættu fremur að styðjast við persónulega framför og árangur en formleg viðmið.

Markmiðssetning og læsi

Allir nemendur þurfa á einhverjum tímamarki að huga betur að undirstöðuþáttum læsis í námi sínu en brotalöm getur verið á tæknilegri hlið lestrar sem lýtur að umskráningu, flóknari þáttum svo sem orðaforða og lesskilningi eða áhugahvötinni. Markmiðin geta verið af ýmsum toga og er listinn ekki tæmandi. Markmiðin geta varðað það:

- Að bæta leshraða (sjálfvirkni umskráningar).
- Að bæta nákvæmni við lestur.
- Að bæta lestrarlag.
- Að efla sjónrænan orðaforða með þjálfun á lestri orðmynda.
- Að lesa heima á hverjum degi.
- Að lesa meira á hverjum degi.
- Að kynnast fjölbreyttu lesefni.
- Að æfa hljóðlestur.
- Að æfa upplestur/framsögn.

Tillögur að samningum

Gott er að búa til samning um markmið og þjálfun. Möguleikar á útfærslu eru óteljandi en þeir þurfa að taka mið af eðli markmiðs og aldri og þroska nemenda. Með þessu verkefni fylgja þrjár hugmyndir að samningum en mikilvægt er að kennarinn veiti nemandanum reglulega hvatningu og endurgjöf varðandi ástundum og frammistöðu meðan samningurinn er í gildi.

Útfærslur

Lestrarsamningur: Nemandi og kennari skrifa undir formlegan samning með dagsetningu og undirskrift. Innihald samnings ræðst af markmiði og viðfangsefni. Samningurinn er hafður sýnilegur nemandanum á hverjum degi til að minna á markmiðið og fylgjast með framvindunni. Sjá dæmi um útfærslur á samningum varðandi lesfimi, lestrarlag og lesskilning.

Skráning í dagbók: Nemandinn skráir markmiðið í lestrardagbókina/kvittanaheftið sitt. Hann skráir jafnframt reglulega inn framvindu á æfingatímabilinu. Kennari fylgist með, kvittar í dagbókina hvatningu til nemandans.

Markmið skráð í Mentor: Kennari skráir markmiðið inn í Mentor þar sem það er sýnilegt nemanda og foreldrum. Endurgjöf á stöðu og hvatning veitt eins oft og þurfa þykir.

Vikuskýrsla: Hægt er að útbúa skráningarblað sem fyllt er daglega í og þannig fylgst með gangi mála.

Mánaðarskýrsla: Eyðublað þar sem frammistaða er skráð a.m.k. tvisvar í viku yfir mánaðartímabil.

Þjálfunarefni

Það getur verið gott fyrir kennara að styðjast við meðfylgjandi töflu (Tillaga að þjálfunarefni) til að auðvelda markmiðssetninguna og vinnuna sem henni tilheyrir. Í töflunni er að finna tillögur að efni og leiðum sem nota má við íhlutun og mat á árangri. Tillögurnar í töflunni eru ekki tæmandi og ekki ólíklegt að kennarar búi yfir fleiri hugmyndum um það hvernig best er að ná tilteknu markmiði.

Tillögur að þjálfunarefni

Markmið	Íhlutun	Matsleið fyrir og eftir íhlutun
Að bæta lesfimi.	Þjálfunarfyrikomulag 1 eða 2 sem fylgir kennaraefninu <i>Eitt skref í einu</i> fyrir yngri nemendur og <i>Æfingin skapar meistarann</i> ætlað eldri nemendum. Hvort tveggja má finna á <i>Læsisvefnum</i> . <i>Fimman – lesfimiþjálfun</i> getur hentað nemendum á mið- og unglíngastigi. Einnig á <i>Læsisvefnum</i> .	Lesferill – lesfimimat. Úttalin lesfimiþróf sem skólinn á.
Að bæta flæði við lestur (mótun hendinga).	Verkefni <i>Mótun hendinga</i> eða <i>Greinarmerkin</i> á lesfimi hluta <i>Læsisvefsins</i> .	<i>Matsrammi fyrir lestrarlag</i> en hann má finna á <i>Læsisvefnum</i> undir lesfimi hluta hans.
Að bæta lestrarnákvæmni og lestrarlag.	Þjálfunarfyrikomulag 3 sem fylgir kennaraefninu <i>Eitt skref í einu</i> eða <i>Æfingin skapar meistarann</i> á <i>Læsisvefnum</i> . Kórlestraraðferðir geta einnig hentað til þjálfunar en þær er að finna undir lesfimi hluta <i>Læsisvefsins</i> .	<i>Matsrammi fyrir lestrarlag</i> en hann má finna á <i>Læsisvefnum</i> undir lesfimi hluta hans.
Að bæta lesskilninginn með því að endursegja efni texta.	<i>Fimm fingra endursögn</i> , <i>Munnleg endursögn</i> eða <i>Að kasta og segja frá</i> í lesskilningshluta <i>Læsisvefsins</i> .	Nemandi endursegir sama eða sambærilegan texta fyrir og eftir íhlutun – metið út frá upptöku fyrir og eftir íhlutun.
Að lesa meira og kynnast fjölbreyttu lesefni.	<i>Bókaáskorun</i> sem finna má í lestrarmenningarhluta <i>Læsisvefsins</i> . Á <i>Læsisvefnum</i> er einnig að finna <i>Könnun á áhugaverðu lesefni</i> sem getur hjálpað nemendum að glöggva sig á áhugasviði sínu.	Óformlegt viðtal við nemanda vegna viðhorfs fyrir og eftir bókaáskorun.

Lestrarsamningur vegna lesfimi



Ég las _____ orð á mínútu á síðustu lesfimimælingu.

Ég stefni að því að lesa _____ orð á mínútu á næstu lesfimimælingu.

Til að ná markmiði mínu ætla ég að :



Samningurinn gildir frá _____ til _____ .


Dagsetning og undirskrift nemanda

Dagsetning og undirskrift kennara

Markmiði náð.

Markmiði ekki náð.

Ég óska eftir því að gera nýjan samning.



Skilaboð

Dagsetning	Skilaboð



Lestrarsamningur vegna lestrarlags




Ég fékk _____ stig skv. matsramma fyrir lestrarlag á síðasta mati.

Ég stefni að því að fá _____ stig að átaki loknu.

Til að ná markmiði mínu þarf ég að:

- Lesa á hverjum degi í 15 mínútur fimm daga vikunnar.
- Hafa í huga hvað einkennir gott lestrarlag.
- Lesa upphátt fyrir kennarann _____ sinnum á tímabilinu.
- Skrá lesturinn daglega og biðja lestrarþjálfara eða kennara að kvitta einnig.

Samningurinn gildir frá _____ til _____ .



_____ *Dagsetning og undirskrift nemanda*

_____ *Dagsetning og undirskrift kennara*



Markmiði náð.

Markmiði ekki náð.

Ég óska eftir því að gera nýjan samning.

Skilaboð

Dagsetning	Skilaboð



Lestrarsamningur vegna lesskilnings



Á síðasta lesskilningsprófi leysti ég _____ % verkefna rétt.

Ég stefni að því að geta leyst 80% spurninga rétt á næsta lesskilningsprófi.

Til að ná markmiði mínu þarf ég að:

- Lesa á hverjum degi í 15 mínútur fimm daga vikunnar.
- Hafa hugann við það sem ég er að lesa og sjá fyrir mér efni textans.
- Gera hlé á lestri með reglulegu millibil og fara yfir í huganum eða endursegja það sem ég las.
- Endursegja efni texta _____ sinnum á tímabili fyrir kennara eða lestrarþjálfara.
- Spyrja út í orðaforða eða orðalag í textanum sem ég skil ekki.
- Rifja efni textans upp að lestri loknum.
- Skrá lesturinn daglega og biðja lestrarþjálfara eða kennara að kvitta einnig.



Samningurinn gildir frá _____ til _____ .

Dagsetning og undirskrift nemanda

Dagsetning og undirskrift kennara

Markmiði náð.

Markmiði ekki náð.

Ég óska eftir því að gera nýjan samning.

Skilaboð



Dagsetning	Skilaboð

